



Samfélag sjálfstætt starfandi fræðafólks

Aðgerðaáætlun stjórnar RA 2022-2024



Samfélag sjálfstætt starfandi fræðafólks

Aðgerðaáætlun stjórnar RA 2022-2024

Ritstjóri Lilja Hjartardóttir

Samfélag sjálfstætt starfandi fræðafólks.
Aðgerðaáætlun stjórnar 2022-2024
Mars 2024
Ritstjóri Lilja Hjartardóttir
Útgefandi: ReykjavíkurAkademían
Útgáfunúmer: RA-2024-1
Þórunnartún 2
105 Reykjavík
Sími: 562 8565
Netfang: ra@akademia.is
Veffang: www.akademia.is



EFNISYFIRLIT

Aðgerðaáætlun stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar.....	5
Aðgerðir	8
I Skilgreina hópinn og fylkja liði	8
II Bætt umhverfi rannsókna.....	9
III Hagræn áhrif.....	10
IV Hagsmunir á vinnumarkaði	11

Aðgerðaáætlun stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar

Í stefnu ReykjavíkurAkademíunnar fyrir árin 2021–2025 var hlutverk stofnunarinnar skilgreint þannig að hún er í fyrsta lagi *vettvangur* rannsókna og nýsköpunar, miðlunar og menningar sjálfstætt starfandi fræðafólks, í öðru lagi *miðstöð* opinnar samfélagsumræðu og í þriðja lagi *félagsleg miðja* sjálfstætt starfandi fræðimanna sem leggði áherslu á að tengja, miðla, hvetja, styðja og skapa.



Stjórn ReykjavíkurAkademíunnar sem starfaði 2021-2022 ákvað að leggja sérstaka áherslu á að efla stofnunina sem félagslega miðju samfélags sjálfstætt starfandi fræðafólks og vinna markvisst að því að bæta og auka þjónustuna við félagsfólk. Einnig að tala máli þess bæði á vinnumarkaði og í umhverfi rannsókna og að lyfta fram framlagi fræðafólks til íslensks samfélags bæði í samhengi við rannsóknir og nýsköpun og með hagrænum mælikvörðum.

Verkefnið er umfangsmikið, tekur tíma og framgangur þess hefur byggt á því að farið sé fram á ólíkum sviðum og í samvinnu við ýmsa hagaðila. Þar af leiðir að fjölmargir aðilar innan og utan Akademíunnar koma nú sem fyrr að því að auka sýnileika og styrkja stöðu, sjálfsmynd og ímynd sjálfstætt starfandi fræðafólks á Íslandi. Lokamarkmiðið er að

ReykjavíkurAkademían standi undir því mikilvæga hlutverki að vera miðstöð sjálfstætt starfandi fræðafólks utan háskóla sem starfar í þágu þess og samfélagsins alls að því að tengja, miðla, hvetja, styðja og skapa.

Til að ná því markmiði hefur verkefninu verið skipt niður í fjögur undirmarkmið sem öll skarast með einum eða öðrum hætti:

- I. skilgreina hópinn og fylkja liði
- II. styrking rannsóknainnviða og rannsóknnaumhverfis
- III. hagræn áhrif af starfsemi sjálfstætt starfandi fræðafólks
- IV. hagsmunir á vinnumarkaði

Aðgerðir taka breytingum eftir því sem verkefninu vindur fram. Því er þessi aðgerðaáætlun gerð til tveggja ára og er númer tvö í röðinni. Næsta stjórn ReykjavíkurAkademíunnar er hvött til þess að vinna uppfærða útgáfu af aðgerðaáætluninni fyrir komandi starfsár.

Stjórn ReykjavíkurAkademíunnar 2023–2024

Lilja Hjartardóttir formaður, Ólöf Anna Jóhannsdóttir varaformaður
Þorleifur Hauksson ritari, Gylfi Gunnlaugsson og Unnur G. Óttarsdóttir meðstjórnendur,
Bára Baldursdóttir og Ingunn Ásdísardóttir varamenn í stjórn.

Aðgerðir

Aðgerðir

I Skilgreina hópinn og fylkja liði

Fræðafólk sem starfar utan háskólanna er ósamstæður hópur. Hluti þess starfar sjálfstætt alla starfsævina, aðrir starfa styttri tímabil eða samhliða föstum störfum. Í ReykjavíkúAkademíunni eru hátt á annað hundrað félagar, þar af allt fræðafólk sem hverju sinni starfar í Þórunnartúni 2. Sá hluti félagsfólks sem hefur vinnuástöðu utan Akademíunnar gæti enn betur nýtt þá aðstöðu og þjónustu sem er í boði. Þá er hópur félaga í föstum stöðum og einnig stofnanir og fagfélög sem flest nýta aðstöðu Akademíunnar í tengslum við starfsemi sína. Einnig er veruleg skörun á milli fræðafólks sem starfar á sviði menningar, og hug- og félagsvísinda og annarra sjálfstætt starfandi aðila sem kenna sig við fræði og listir.

1. Skilgreina sjálfstætt starfandi fræðafólk
 - Halda árlegt Fræðaping
2. Efla tengsl við félagar:
 - Kynna þjónustuna í Þórunnartúni
 - Senda fréttabréf reglulega
 - Fræðsludagskrá fyrir alla félagar
 - Kanna hug og þarfir félaganna
3. Fjölga félögum
 - Laða fyrrum félaga til baka
 - Auka þjónustu við félagar utan Þórunnartúns
 - Þjóða upp á námskeið og fræðslu
 - Efla rafræna þjónustu og
 - Auka veflægan sýnileika félagsfólks
 - Kynna starfseminar fyrir fagfélögum hug- og félagsvísinda

II Bætt umhverfi rannsókna

Frá stofnun ReykjavíkurAkademíunnar árið 1997 hefur orðið afgerandi breyting á stefnu stjórnvalda varðandi úthlutanir úr rannsóknasjóðum og aðgengi að rafrænum gagnasöfnum og öðrum rannsóknainnvíðum. Þessar breytingar ásamt öðrum sem varða rannsóknaumhverfið og rannsóknainnvíði sjálfstætt starfandi rannsækenda höfum við kortlagt og vakið athygli stjórnvalda og hagaðila fræðasamfélagsins á þeim enda er nauðsynlegt að tryggja aðkomu sjálfstætt starfandi að öllum samkeppnissjóðum.

1. Vinna úttekt á breytingum á helstu sjóðum og úthlutunum úr þeim
2. Halda áfram samtali við stjórnvöld og forsvarsmenn helstu stofnana
 - Forsætisráðuneyti, ráðuneyti háskólamála og fjármálaráðuneyti
 - Forystufólk háskóla og rannsóknastofnana
 - Forsvarsmenn Rannís og Vísinda og nýsköpunarráðs
 - Stjórn Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðafólks
3. Ræða við hagaðila
 - Formenn fagfélaga á sviði hug- og félagsvísinda
 - Félag ReykjavíkurAkademíunnar
 - Vísindafélag Íslendinga
4. Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðafólks
 - Fá áhrifamat á úthlutunum sjóðsins
 - Vinna að umtalsverðri stækkun sjóðsins og/eða stofnun nýs rannsóknarsjóðs
5. Rannsóknainnvíðir
 - Aðgangur að rafrænum gagnasöfnum og HRneti
 - Samstarfssamningur við Háskóla Íslands
 - Efling Rannsóknþjónustu ReykjavíkurAkademíunnar
 - Gerast aðili að IRIS

III Hagræn áhrif

Starf sjálfstætt starfandi fræðafólks er mikilvægt fyrir íslenskt samfélag en ósýnilegt í opinberum hagtölum. Úr því verður að bæta, til dæmis með því að lyfta fram hagrænum áhrifum undir einu heiti. Skoða þarf hvort vinna þarf sérstaka fræðavísa eða hvort hagræn áhrif af þekkingarsköpun falli undir Menningarvísa Hagstofu Íslands en þeir mæla hagræn áhrif menningar og skapandi greina, þar á meðal af menningararfi og bókaútgáfu.¹ Ástæða er til að ReykjavíkurAkademían hafi frumkvæði að því að vinna sjálfstætt starfandi fræðafólks sé metin á sama hátt og á sömu forsendum og framlag annarra atvinnugreina og að fræðafólk njóti styrkja til að iðka sín fræði.

1. Skapa meðvitund í samfélaginu um ósýnileika starfsgreinarinnar
 - Ræða við ráðherra sem málið varðar og Hagstofu Íslands
 - Fyrirlestraröð um hagræn áhrif
 - Rita greinar í dagblöð og tímarit
2. Afla tölfræðigagna um fræðafólk Akademiunnar
 - Þróa áfram gagnagrunn yfir fræðafólk og afurðir þess
 - Vinna rafræna ferilskrá RA 1997-2023 (erindi og birtingar)
 - Hlúa að sögu Akademiunnar með skipulegri söfnun heimilda og miðlun á vefsíðu stofnunarinnar
3. Skilgreina mælikvarða
 - Skoða mælikvarða Rannsóknaseturs skapandi greina
 - Þróa mælingar á hagrænum áhrifum af fræðastörfum
 - Að lykiltölur RA spegli virkni fræðafólks

¹ Um menningarvísa Hagstofunnar sjá: <https://visar.hagstofa.is/menningarvisar/um-menningarvisa>

IV Hagsmunir á vinnumarkaði

Tryggja þarf að fræðafólk sem starfar utan háskóla njóti sama félagslega öryggis og sömu tækifæra til starfsþróunar og kollegar í launuðum stöðum. Þá þurfa kjarasamningar að taka tillit til þarfa þeirra. Almennt eru tekjur sjálfstætt starfandi fræðafólks svo stopular og lágar að viðmið stéttarféлага háskólamanna og ríkisskattstjóra eiga ekki við. Í samstarfi við stjórnvöld og stéttarfélög þarf að aðlaga viðmiðin og auka tekjur og tekjumöguleika þeirra. Haustið 2023 átti ReykjavíkurAkademían frumkvæði að stofnun faghóps fræðafólks sem starfar sjálfstætt innan Fræðagarðs, nú Visku. Framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar leiðir sem stendur þennan hóp en mun við fyrsta tækifæri koma því verkefni yfir á einstakling sem starfar sjálfstætt og hefur áhuga á því að tryggja réttindi þeirra á vinnumarkaði.

1. Skapa meðvitund í samfélaginu um vandamálið
 - Ræða við ráðherra, skattstjóra og forsvarsfólk BHM
 - Rita greinar í dagblöð og tímarit
2. Kanna áhuga fræðafólks og þarfir
 - Gera könnun meðal félaga Akademíunnar
3. Viðhalda tengslum við BHM og Visku og styðja verkefni sem miða að eflingu starfsumhverfi og bættum réttindum á vinnumarkaði
4. Stuðla að eflingu faghóps fræðafólks sem starfar sjálfstætt



AKADEMIA.IS